

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2019

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2019. Þetta er átjándi sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls átta. Allar ferðirnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema ferðirnar 29.06. og 31.08. sem eru dagsgöngur. Frítt er í allar göngurnar en innheimt verður fyrir leiðsögn/akstur í Stóru-Laxár gönguna. Leiðsögumenn í ferðunum í samvinnu við heimafólk verða þau Helgi Már Gunnarsson og Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðum. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Allar ferðir verða auglýstar sérstaklega þegar nær dregur á facebooksíðunni "Gönguferðir í Hrunamannahreppi".

1. ferð er 5. júní. Núpstúnskista

Lagt af stað kl. 20:00 frá hlaðinu í Núpstúni. Gengið inn með fjallinu og fíkrað sig upp á Núpstúnskistu og gengið fram á Nípuna. Falleg leið og nokkuð auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst. Margrét Larsen í Núpstúni leiðir gönguna.

2. ferð 12. júní. Berghylur - Grænimúli - Djúpidalur

Lagt af stað kl 20:00 frá Berghyl. Þaðan er gengið upp á Berghylsfjall og inn með fjallinu. Uppi á fjallinu er mjög fallegt og víðsýnt til allra átta. Þetta er þægileg ganga í fallegu grónu landsvæði sem ekki er í alfaraleið. Áætlaður göngutími er 2 -3 klst. Sigurjón Snær Jónsson á Berghyl leiðir gönguna.

3. ferð 19. júní. Miðfell

Lagt af stað kl 20:00 frá bílastæðinu við Þjóðveginn (þegar komið er framhá Hellisholta-afleggjara þegar komið er frá Flúðum). Af Miðfelli er mikið og fagurt útsýni. Gangan upp er frekar brött en farið verður rólega og þegar upp er komið er þægileg ganga kringum vatnið. Áætlaður göngutími 2 – 3 klst.

4. ferð er 26. júní. Byrgi Fjalla- Eyvindar

Lagt af stað kl 20:00 frá upplýsingaskiltinu um byrgi Fjalla Eyvindar sem er við afleggjarann heim að Jötu. Gengið eftir götum fram Skipholtsfjall og að byrgi (búri) Fjalla-Eyvindar sem er vel falið í landslaginu. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2-3 klst.

5. ferð er 29. júní. Kaldbakur - Hrunakrókur, dagsanga

Gangan hefst kl. 13:00 frá Kaldbak. Gengið er um nokkuð góðar götur, meðfram Kaldbaksvatni og inn að Hrunakrók. Þar verður sögustund og tækifæri til að borða nesti. Gaman er að svipast um í Hrunakrók og ganga aðeins upp með Stóru-Laxá en þar eru fallegir hyljir og bergmyndanir. Áætlaður göngutími er u.þ.b. 4 klst.

6. ferð er 3. júlí. Hörgsholt - Sólheimar

Lagt af stað kl 20:00 frá Sólheimum. Hittumst á hlaðinu á Sólheimum. Þar verður safnast í bíla og ekið að afleggjara framan við Hörgsholt þar sem gangan hefst. Gengið verður neðan

Hörgsholts og þaðan meðfram Stóru- Laxá niður að Sólheimum. Skemmtileg og falleg leið þar sem Stóra- Laxá rennur í fallegum gljúfrum. Ganga í mishæðóttu landi með misjöfnu undirlagi sem tekur u.þ.b. 3 klst.

7. ferð er 10. júlí. Hamarsholt – Gullfoss austan megin

Gangan hefst hjá gönguleiðaskiltinu inn á Tungufellsdal. Gengið hjá eyðibýlinu Hamarsholti og þaðan niður að Gullfossi. Mjög gaman er að koma að fossinum austan megin en við blasir allt annar foss. Áætlaður göngutími er 2 – 3 klst. Guðni Guðbergsson leiðir gönguna.

8. og síðasta ferð sumarsins 31. ágúst er Stóra-Laxárgljúfur ganga.

Þetta er dagsganga, u.þ.b. 16 km. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun. Gangan er í samstarfi við Upplit menningarklasa uppsveita Árnessýslu. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 6923882/6995178. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar er hann fyrir akstri og leiðsögn.

